

Umboðsmaður Alþingis  
Þórshamri  
Templarásundi 5  
101 Reykjavík

Reykjavík 20.05.2022  
Mál nr. F114/2022

### Efni: Útivistarsvæði nauðungarvistaðra einstaklinga á geðsviði Landspítala

Vísað er til erindis sem barst frá umboðsmanni Alþingis (UA) dags. 5. maí 2022. Í erindinu óskaði umboðsmaður eftir því sbr. 7. gr. laga um UA nr. 85/1997, að Landspítali veitti upplýsingar um hvort og þá með hvaða hætti tryggt sé að boðið sé upp á útiveru á meðan á nauðungarvistun í 21 sólarhring skv. 29. gr. laga nr. 71/1997 stendur. Þá var óskað eftir því að fá afrit af verklagsreglum varðandi framkvæmd nauðungarvistaðra sjúklinga liggi slíkar reglur fyrir.

Tilfni bréfs umboðsmanns var nýleg ábending þess efnis að á tiltekinni geðdeild Landspítala, deild 33A sé þeirri vinnureglu fylgt að sjúklingar sem þar eru nauðungarvistaðir í allt að 21 sólarhring á grundvelli 29. gr. lögræðis laga hafi ekki möguleika á útivist á meðan á vistun stendur. Hins vegar sé breyting gerð að liðnum 21 sólarhring ef til framlengingar á vistuninni kemur með úrskurði dómara skv. 29. gr. a. laga nr. 71/1997.

UA hefur verið falið að sinna svokölluðu OPCAT-eftirliti á grundvelli valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Meðal þess sem athuganir UA beinast að við eftirlitið er aðbúnaður á þeim stöðum þar sem frelsissviptir einstaklingar dvelja og þá hvort sá aðbúnaður sé í samræmi við lög og reglur um mannúð og mannvirðingu sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997. Í þeim viðmiðum sem hafa mótast á grundvelli OPCAT eftirlitsins, meðal annars fyrir tilstilli nefndar Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum (CPT-nefndarinnar), hefur verið lögð rík áhersla á að frelsissviptir einstaklingar, meðal annars þeir sem dveljast á lokuðum deildum heilbrigðisstofnana, hafi tök á að njóta útiveru með einhverjum hætti daglega ef ástand þeirra leyfir.

Með hliðsjón af framangreindu og áður en UA tekur ákvörðun um hvort hann taki málið til frekari athugunar á grundvelli þeirra heimilda sem honum eru fengnar samkvæmt lögum nr. 85/1997 um UA var óskað eftir þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í 1. mgr. greinargerðar þessarar.

**Svör Landspítala við spurningum UA:**

- a) Hvort og þá með hvaða hætti tryggt sé að boðið sé upp á útiveru á meðan á nauðungarvistun í 21 sólarhring skv. 29. gr. laga nr. 71/1997 stendur:

*Svar:*

*Sjúklingar í geðþjónustu Landspítala, þar á meðal meðferðargeðdeild geðrofssjúkdóma 33A, sem eru nauðungarvistaðir í allt að 72 stundir eða 21 dag skv. úrskurði sýslumanns hafa aðgengi að innangengum en lokuðum garði innan geðþjónustunnar á daginn og á kvöldin en garðferðir eru ekki heimilaðar að næturlagi. Sjúklingar fara í garðinn í fylgd með starfsmanni.*

- b) Óskað var eftir því að fá afrit af verklagsreglum varðandi framkvæmd nauðungarvistaðra sjúklinga liggja slíkar reglur fyrir.

*Svar:*

*Gæðaskjöl er varðar framkvæmd nauðungarvistaðra eru ekki fyrirliggjandi. Sjúklingar hafa reglulegan aðgang að garðinum sem lýst er í a-lið.*

Geðþjónustan veitir meðferð og þjónustu þar sem velferð og öryggi sjúklinga er í öndvegi. Eftir yfirlæknafund sem haldinn var þann 11.maí 2022 var ákveðið að skoða verklag frekar er varðar útiveru einstaklinga sem eru nauðungarvistaðir í geðþjónustunni og er sú vinna í gangi.

Telji umboðsmaður að ofangreind tilhögun samræmist ekki þeim aðbúnaði sem ásættanlegur telst með tilliti til laga og reglna um mannúð og mannvirðingu er vinsamlega óskað eftir frekari leiðbeiningum.